

14. flokkur: Oliur á tanka, kr. 25.00 hver smálest.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, svo og vörur sem ekki eru sérstaklega nafngreindar í gjaldskrá þessari, skal ákveðið af gjaldkera hafnarinnar. Úrskurði hans, ef um ágreining er að ræða, má skjóta til hafnarnefndar, sem þá ákveður vörugjaldið endanlega.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 242, 14. nóvember 1966,
um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. og A-liður 10. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Allir skráningarskyldir, opnir bátar skulu vera búnir lyfjakistu nr. 0, en í henni skal vera:

A. Lyf til útvortis notkunar:

1. Joðáburður (Spirtus jodi 5% Ph. Nord 63) 20 ml.
Til sóttþreinsunar á hörundi. Áburður á bólgu.
2. Tópícinmyrslí (Unguentum topicini Ph. Nord. 63) 1 túpa á 25 g.
Við bruna, sárum og kaunum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 31. gr. laga nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. marz 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.